

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 23. mars 2021

Mál nr. E-301/2020:

Einhyrningur ehf.

(Áslaug Árnadóttir lögmaður)

gegn

Útgerðarfélaginu Hvoli ehf.

(Guðjón Ármannsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 23. febrúar sl., er höfðað með stefnu birtri þann 8. apríl 2020.

Stefnandi er Einhyrningur ehf., [...]

Stefndi er Útgerðarfélagið Hvoll ehf., [...]

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að framsal veiðiréttinda í ánni Eystri-Rangá sem skilin voru frá jörðinni Hjarðartúni samkvæmt afsali dags. 2. mars 1999, hafi verið óheimilt og að stefnandi sem eigandi jarðarinnar Hjarðartúns, landnúmer 164168 í Rangárþingi eystra sé eigandi veiðiréttindanna. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og þá krefst hann þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavextir

Málsatvik eru þau samkvæmt gögnum málsins að með afsali dagsettu 14. maí 1948 afsalaði A 2/3 hlutum jarðarinnar Miðhúsa í Hvolhreppi til nýbýlastjórnar ríkisins. Fyrirhugað var að stofna fimm nýbýli á landinu í því skyni að auka byggð og landbúnað í sveitum landsins á grundvelli laga nr. 35/1946. Hins vegar voru stofnuð fjögur nýbýli á landinu, Miðtún, Lynghagi, Akur og Hjarðartún. Á næstu árum á eftir voru gefin út byggingarbréf vegna nánar tilgreinds lands jarðanna, 8. september 1949 til handa B, 33,5 ha vegna nýbýlisins Akurs, 3. október 1951 til handa C, 37,1 ha vegna nýbýlisins Miðtúns, 12. september 1952 til handa D, 30,5 ha vegna nýbýlisins Hjarðartúns og 20.

október 1953 til handa E, 30,5 ha vegna nýbýlisins Lynghaga. Í byggingarbréfunum var hinu leigða landi og legu þess lýst, en landið var leigt í erfðaábúð. Í byggingarbréfunum voru samhljóða ákvæði um beitarrétt að landi meðfram Eystri-Rangá og um veiðirétt jarðanna að 1/5 hluta á móti hinum býlunum. Með viðbótarbyggingarbréfum dagsettum 4. desember 1965 var hverri jörð lagt til viðbótarland, Miðtún fékk viðbót á svæði merktu A, 6,93 ha, Lynghagi fékk viðbót á svæði merktu B, 7,97 ha, Hjarðartún fékk viðbót á svæði merktu C, 7,62 ha og Akur fékk viðbót á svæði merktu D, 7,28 ha. Þá var sú breyting gerð að beitarréttur og veiðiréttur hverrar jarðar varð 1/4 að tiltölu í stað 1/5 áður.

Með afsali dagsettu 6. janúar 1986 afsalaði landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar ráðuneytisins, D jörðina Hjarðartúni með öllum mannvirkjum og ræktun, gögnum og gæðum sem jörðinni fylgja. Sérstaklega var tekið fram að jörðinni fylgdi veiðiréttur í Rangá að 1/4 hluta, sbr. viðbótarbyggingarbréfið frá 4. desember 1965. Með kaupsamningi og afsali dagsettu 25. maí 1990 seldi D Hvoli hf. (síðar Útgerðarfélagið Hvoll ehf.) jörðina Hjarðartún ásamt öllu því sem henni fylgdi og var sérstaklega getið um veiðiréttinn í kaupsamningi. Þann 1. mars 1996 seldi Útgerðarfélagið Hvoll ehf. F og G jörðina Hjarðartún, en undanskilin sölunni var spilda C, 7,62 ha. Þá var undanskilinn sölunni beitarréttur í óskiptu landi meðfram Rangá að 1/4 til móts við jarðirnar Akur, Lynghaga og Miðtún og veiðiréttur að 1/4 hluta. Þann 27. febrúar 2004 keypti Hjarðartún ehf. jörðina Hjarðartún af F og G og þann 1. september 2015 seldi Hjarðartún ehf. stefnanda Einhyrningi ehf. jörðina Hjarðartún og var afsal vegna kaupanna gefið út þann 15. mars 2016. Hjarðartún hefur verið lögbýli frá stofnun og hefur alla tíð verið stundaður landbúnaður þar að sögn stefnanda. Þá heldur stefnandi því fram að hvorki á þeim tíma þegar stefndi seldi jörðina að undanskildum veiðirétti og 7,67 ha landspildu, né síðar, hafi félagið átt eða verið leigutaki jarðar sem liggur að Eystri-Rangá. Þá séu engar fasteignir á umræddri spildu.

Þann 11. apríl 1992 keypti stefndi hús og mannvirki jarðarinnar Lynghaga, en félagið mun ekki hafa verið leigutaki jarðarinnar. Þann 24. nóvember sama ár leigði landbúnaðarráðherra H jörðina til 10 ára og þann 1. febrúar 2013 afsalaði ríkissjóður Íslands, f.h. jarðeigna ríkisins, jörðinni til I.

Veiðifélag Eystri-Rangár mun hafa verið stofnað árið 1991 og samkvæmt arðskrá, sem staðfest var af landbúnaðarráðherra 26. apríl 1999, fara nýbýlin Miðtún, Lynghagi, Akur og Hjarðartún samtals með 90 einingar hvert af samtals 10.000 heildareiningum árinna.

Með dómi Landsréttar uppkveðnum 22. nóvember 2019 í máli nr. 76/2019 var staðfest sú niðurstaða Héraðsdóms Suðurlands frá 11. janúar sama ár að hafna kröfum núverandi eigenda jarðarinnar Miðhúsa um að viðurkennt yrði með dómi að veiðiréttur í Eystri-Rangá tilheyri eigendum jarðarinnar Miðhúsa. Hafi því verið staðfest að framsal veiðiréttar í Eystri-Rangá til nýbýlastjórnar, f.h. ríkissjóðs, með afsali dagsettu 14. maí 1948 hafi verið heimilt og því tilheyri veiðiréttur í ánni jörðunum Akri, Hjarðartúni, Lynghaga og Miðhúsum sem eiga land að ánni í óskiptri sameign. Í dóminum var ekki tekin afstaða við ágreinings um gildi samninga um kaup og sölu á hlutum úr jörðum framangreindra jarða. Stefnandi höfðar því mál þetta í þeim tilgangi að fá úr því skorið hvort heimilt hafi verið að skilja veiðirétt frá jörðinni Hjarðartúni með kaupsamningi á árinu 1996, sbr. afsal frá árinu 1999.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að óheimilt hafi verið að skilja veiðirétt frá jörðinni Hjarðartúni með kaupsamningi á árinu 1996, sbr. afsal frá árinu 1999 og hafi afsalið ekkert gildi varðandi veiðiréttinn og því tilheyri veiðirétturinn stefnanda sem eiganda jarðarinnar Hjarðartúns. Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. þágildandi laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði hafi verið óheimilt að skilja veiðirétt frá landareign, en samkvæmt afsalinu undanskildi seljandi spildu sem er u.þ.b. 7,67 ha að stærð og rétt til beitar í óskiptu landi meðfram Rangá að 1/4 til móts við jarðirnar Akur, Lynghaga og Miðtún. Einnig var undanskilinn veiðiréttur í Rangá að 1/4 hluta. Við setningu vatnalaga nr. 15/1923 hafi verið lögfest í 1. mgr. 121. gr. laganna sú forna meginregla íslensks réttar að landeiganda væri einum heimil veiði í vatni á landi sínu. Þá hafi í 2. mgr. 121. gr. laganna verið lögfest sú regla að ekki mætti skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu við landareign nema um tiltekið árabíl og að uppfylltum öðrum skilyrðum. Eftir að ákvæði 121. gr. laganna hefðu verið felld úr gildi með 94. gr. laga nr. 61/1932 hafi efnislega sömu reglur verið í lögum um lax- og silungsveiði, fyrst í 1. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1932, svo í 1. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 112/1941, þá í 1. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970 og nú í 5. og 9. gr. laga nr. 61/2006. Þegar stefndi hafi afsalað jörðinni Hjarðartúni árið 1999 hafi verið í gildi lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Í 4. mgr. 2. gr. þeirra laga hafi verið kveðið á um það að ekki mætti skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, þó með undantekningu varðandi tímabundinn aðskilnað stangveiðiréttar.

Stefnandi byggir á því að hugtakið landareign hafi ekki verið skilgreint í lax- og silungsveiðilögum, en Hæstiréttur hafi slegið því föstu að við skýringu á 4. mgr. 2. gr. laganna eigi að leggja til grundvallar þá merkingu orðsins sem fram komi í 1. gr. vatnalaga. Þar hafi landareign verið skilgreind sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Hafi helsta ástæða fyrir lögfestingu takmarkana á heimildum til að skilja veiðirétt frá landi verið landbúnaðarsjónarmið, en talið hafi verið eðlilegt að veiðiréttur fylgdi öðrum nytjum jarða og að hlunnindi bújarða yrðu ekki skert að þessu leyti. Hafi Hæstiréttur talið að ákvæði 4. mgr. 2. gr. lax- og silungsveiðilaga sé ætlað að tryggja að réttur til veiði skuli fylgja öðrum nytjum landsins og að ábúandi jarðar, sem hefur önnur landsnot hennar, njóti einnig veiðiréttar. Þá megi ráða af forsendum dómsins að tilgangur löggjafans með því að takmarka aðskilnað veiðiréttar frá landareign hafi verið að sporna við því að landkostir jarða sem væru í landbúnaðarafnotum skertust og að tryggja það að jarðir í sveitum héldust í byggð.

Stefnandi byggir á því að Hjarðartún hafi verið lögbýli frá stofnun og komi skýrt fram í upphaflegu byggingarbréfi að jörðin hafi verið leigð til búrekstrar og hafi önnur notkun jarðarinnar aðeins verið heimil með sérstöku leyfi Nýbýlastjórnarinnar. Jörðin sé enn lögbýli og hafi alltaf verið stundaður landbúnaður þar. Á umræddri rúmlega 7 ha spildu, sem skilin hafi verið frá landinu, hafi ekki verið stofnað sjálfstætt lögbýli og þar hafi ekki verið reistar neinar byggingar. Geti spildan því aldrei talist landareign í skilningi lax- og silungsveiðilaganna. Þá liggi spildan ekki að Eystri-Rangá eða að því óskipta landi sem liggur næst ánni. Stefnandi byggir á því að vegna þessa hafi ákvæði í afsali um jörðina ekki samrýmst þágildandi fyrirmælum 4. mgr. 2. gr. laganna. Hafi ákvæðið því verið ólöglegt og stefndi ekki öðlast þann veiðirétt sem kveðið sé á um í afsalinu. Stefnandi sé því eiginlegur handhafi veiðiréttarins. Þá bendir stefnandi á að stefndi hafi hvorki átt annað land í umræddu byggðahverfi né verið leigutaki að slíku landi. Eina tenging stefnda við svæðið sé að félagið hafi keypt hús og mannvirki jarðarinnar Lynghaga í apríl 1992 og virðist enn vera eigandi þeirra.

Stefnandi byggir einnig á því að ekki hafi verið getið um umrædda spildu í arðskrá fyrir Eystri-Rangá sem staðfest hafi verið af landbúnaðarráðherra 26. apríl 1999, eða meira en þremur árum eftir undirritun kaupsamnings þar sem 7,67 ha spilda og veiðiréttur hafi verið undanskilin sölu á Hjarðartúni og tæpum tveimur mánuðum eftir útgáfu afsals vegna kaupanna. Komi skýrt fram í arðskránni að Akur, Miðtún, Lynghagi og Hjarðartún eigi 90 einingar hver jörð. Þá bendir stefnandi á að á stofnfundi veiðifélags

árinna hafi verið samþykkt ákvæði um að félagsmenn skyldu vera ábúendur allra jarða og eigendur eyðijarða á félagssvæðinu og sé Hjarðartúns þar getið sem einnar af 32 jörðum sem skapi eigendum aðild að félaginu. Þá sé Hjarðartúns getið sem einnar af framangreindum jörðum í samþykktum félagsins.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi hafi ekki getað áunnið sér veiðirétt fyrir hefð, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 36/1972 og 453/2009, þar sem vísað hafi verið til þess að ákvæði 2. mgr. 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og sambærilegt bann lax- og silungsveiðiaga allt frá árinu 1932 leiði til þess að veiðiréttur í ám og vötnum geti ekki stofnast fyrir hefð.

Stefnandi vísar um lagarök til almennra meginreglna eignarréttar, núgildandi lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006 og forvera þeirra laga. Krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi að ekkert í lögum hafi staðið því í vegi að hann héldi eftir veiðirétti Hjarðartúns þegar hann seldi hluta jarðarinnar árið 1996. Á því tímamarki hafi ekki verið stundaður búskapur í Hjarðartúni og því hafi jörðin ekki talist landareign í skilningi 4. mgr. 2. gr. þágildandi lax- og silungsveiðilaga. Hafi bann við því að skilja rétt til fiskveiða í ám og vötnum frá landareign fyrst verið lögleitt með 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Í 1. gr. laganna hafi landareign verið skilgreind sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Þetta ákvæði hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði en hliðstætt ákvæði tekið upp í 2. gr. þeirra laga. Frá þeim tíma og fram að gildistöku núgildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 hafi verið efnislega samhljóða ákvæði um bann samkvæmt framansögðu í lögum um lax- og silungsveiði. Við skýringu á ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970 beri að leggja til grundvallar þá merkingu orðsins landareign sem fram komi í 1. gr. vatnalaga, en skilgreiningu þess hafi verið breytt með 1. gr. laga nr. 132/2011.

Stefndi byggir á því að búskapur hafi lagst af í Hjarðartúni árið 1963, en þetta komi skýrt fram á heimasíðu núverandi ábúanda. Stefndi hafi eignast jörðina Hjarðartún árið 1992 og á þeim tíma hafi H, þáverandi fyrirvarmaður félagsins, búið [...]. H hafi haldið áfram heimili [...] allt fram að andláti hans árið 1994. [I], núverandi fyrirvarmaður stefnda, hafi aldrei flust að Hjarðartúni. Samkvæmt gögnum Þjóðskrár

hafi enginn einstaklingur verið með skráð lögheimili á jörðinni frá árinu 1990 þar til F og G hafi keypt hana árið 1996. Hafi þá hvorki verið til staðar bústofn né greiðslumark á jörðinni og hafi hún því ekki verið landareign í skilningi lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970. Beri þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Leggja verði áherslu á að við skýringu á réttarreglum um aðskilnaðarbann verði að líta sérstaklega til þess að slík ákvæði fela í sér skerðingu á eignarráðum landeiganda sem skýra verði þröngt. Þá sé óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að málatilbúnaður stefnanda sé í þversögn við málatilbúnað hans í máli sem lauk með dómi Landsréttar í máli nr. 76/2019.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfuna á því að fasteign stefnanda liggi ekki að Eystri-Rangá. Það sé forn og rótgróin regla í íslenskum rétti að réttur til veiða fylgi landi. Í Landabrigðisþætti Grágásar hafi verið kveðið á um að þar, sem menn ættu merkivötn saman, ætti hver veiði fyrir sínu landi. Í 56. kaþítula Landleigubálks Jónsbókar hafi sagt að hver maður ætti vatn og veiðistöð fyrir sinni jörðu sem að fornu hafi verið nema með lögum væri frá komið. Hafi þessum grunnreglum verið fylgt við setningu vatnalaga nr. 15/1923, þar sem mælt hafi verið svo fyrir í 1. mgr. 121. gr. að landeiganda og þeim, sem hann veitti heimild til, væri einum heimil veiði í vatni á landi sínu.

Í þriðja lagi vísar stefndi til þess að hann sé eigandi veiðiréttar hinnar upphaflegu Hjarðartúnsjarðar á grundvelli þinglýstra heimildarskjala frá 25. maí 1990. Þar hafi skýrlega komið fram að stefndi sé eigandi að 1/4 af þeim veiðirétti sem tilheyri nýbýlunum fjórum úr landi Miðhúsa. Þá liggi fyrir að stefnandi leiði rétt sinn frá F og G sem keypt hafi hluta Hjarðartúns árið 1996. Í kaupsamningi og afsali sé gerð skilmerkilega grein fyrir því að jarðarhluta þeirra fylgi ekki veiðiréttur í Eystri-Rangá. Stefnandi sé að sjálfsögðu bundinn við þessi þinglýstu skjöl og eigi því engan veiðirétt í ánni. Stefnandi hafi keypt fasteign sína meðvitaður um að henni hafi ekki fylgt veiðiréttur í ánni og megi ætla að kaupverðið hafi tekið mið af þeirri staðreynd. Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi sýnt af sér mikið tómlæti í þessu máli. Hann hafi verið búinn að eiga jörðina í fjögur ár þegar hann hafi höfðað mál þetta sem lúti að því að landi hans fylgi meiri eignarheimildir en leiði af þinglýstum gögnum. Ef krafa hans yrði tekin til greina yrði um að ræða óréttmæta auðgun honum til handa.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að með kaupsamningnum frá 1996 hafi Hjarðartúni verið skipt upp í tvær sjálfstæðar fasteignir og hafi sammingsaðilum verið fullheimilt að ákveða þá skipan að veiðiréttur skyldi fylgja þeim hluta sem lá að Eystri-

Rangá, en slíkt samningsfrelsi leiði af þeirri meginreglu sem lögfest sé í 1. mgr. 3. gr. landskiptalaga nr. 46/1941. Þar segi að ekki megi gera staðbundin skipti á veiði í vötnum nema skiptin séu það hagkvæm að á engan eiganda sé hallað eða samþykki allra eigenda komi til. Þar sem stefndi hafi verið eini eigandi Hjarðartúns á umræddu tímamarki hafi hann á grundvelli meginreglunnar getað ákveðið að framkvæma staðbundin skipti á veiðirétti Hjarðartúns. Þá bendir stefndi á að um þann kaupsamning sem falið hafi í sér uppskiptingu jarðarinnar hafi verið fjallað bæði í sveitarstjórn Hvolhrepps og í landbúnaðarráðuneytinu.

Í fimmta lagi ítrekar stefndi að stefnandi eigi enga hlutdeild í því óskipta landi sem liggi að Eystri-Rangá, en það sé í óskiptri sameign. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. lax- og silungsveiðilaga sé sameigendum öllum veiði jafnheimil, en þessi regla hafi fyrst komið inn í lög nr. 61/1932, sbr. 1. mgr. 4. gr. þeirra laga.

Stefndi kveður að í sýknukröfu sinni sé innifalin varakrafa um að hann sé ásamt stefnanda sameigandi að umræddum veiðirétti Hjarðartúns í Eystri-Rangá.

Krafa um málskostnað er studd við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um það hvort heimilt hafi verið að skilja veiðirétt í Eystri-Rangá frá jörðinni Hjarðartúni á árinu 1996, sbr. afsal dagsett 2. mars 1999. Stefnandi telur framsal veiðiréttinda í ánni hafa verið óheimilt og sé stefnandi sem eigandi jarðarinnar Hjarðartúns eigandi þessara réttinda. Stefnandi byggir á því að stefnandi eigi ekkert land að Eystri-Rangá og sé hann bundinn af því ákvæði í afsali um að veiðiréttur hafi ekki fylgt með í sölunni til forvera stefnanda. Þá greinir aðila á um það hvort nýbýlið Hjarðartún hafi verið í landbúnaðarnotum frá stofnun.

Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði mátti ekki skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma annan en stangarveiðirétt, sem ráðstafa mátti tímabundið. Bann við því að skilja rétt til fiskveiða í ám og vötnum frá landareign var fyrst lögleitt með 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Í 1. gr. þeirra laga var landareign skilgreind sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Ákvæði 121. gr. laganna var fellt úr gildi með lögum nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði en hliðstætt ákvæði var tekið upp í 2. gr. þeirra laga. Frá þeim tíma og fram að gildistöku núgildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 hefur efnislega samhljóða ákvæði um bann

samkvæmt framansögðu verið í lögum um lax- og silungsveiði. Hugtakið landareign var ekki skilgreint sérstaklega í þeim lögum en við skýringu á ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970 hefur í dómaframkvæmd verið lögð til grundvallar sú merking orðsins sem fram kom í 1. gr. vatnalaga, en með 1. gr. laga nr. 132/2011 var skilgreiningu þess breytt. Framangreindu ákvæði lax- og silungsveiðilaga var ætlað að tryggja að réttur til veiða skyldi fylgja öðrum nytjum jarða og að ábúandi, sem hafði önnur landsnot hennar, nyti veiðinnar einnig.

Þeim fjórum nýbýlum sem stofnuð voru úr hluta jarðarinnar Miðhúsa var samkvæmt gögnum málsins ráðstafað með byggingarbréfum til búrekstrar og nýbýla samkvæmt lögum nr. 35/1946 um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að Hjarðartún hafi verið lögbyli frá stofnun og hafi jörðin verið í landbúnaðarnotum frá upphafi. Stefnandi kveður að ekki hafi verið skepnuhald í Hjarðartúni á árunum 1963 til 1990 en túnunum hafi verið haldið í ræktun og nýtt til heykögglaframleiðslu. Frá 1990 þegar stefndi hafi eignast jörðina hafi verið skepnuhald í Hjarðartúni, aðallega hestar en einnig sauðfé. Þó að enginn hafi verið með lögheimili þar hafi ráðsmaður séð um að hirða tún og sjá um skepnur. Þá hafi hrossarækt verið á jörðinni frá árinu 1996. Þá hafa verið lögð fram gögn í málinu þar sem fram kemur að hvorki hafi verið fyrir hendi greiðslumark né bústofn á jörðinni á árunum 1995 til 1996. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. þágildandi jarðalaga nr. 65/1976 skal jörð, sem ekki hefur verið nytjuð með fastri búsetu þess, sem á lögheimili á jörðinni, í tvö ár eða lengur, teljast eyðijörð. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. þágildandi ábúðarlaga nr. 64/1976 skal hver sá sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur, skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda, að dómi jarðanefndar. Í 3. mgr. 2. gr. sömu laga segir að hafi eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann, fjölskylda hans né umsjónarmaður á hans vegum hefur þar lögheimili, en jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, að mati jarðanefndar, og skal þá sveitarstjórn krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða byggi jörðina frá næstu fardögum, en sæti ella ráðstöfun sveitarstjórnar á jörðinni skv. 1. mgr.

Þegar framanritað er virt verður að telja að stefnda hafi tekist að sýna fram á að jörðin hafi ekki verið landareign í skilningi lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970 og var því sú ráðstöfun veiðiréttar sem deilt er um í máli þessu heimil. Ber þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Hvoll ehf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Einhyrnings ehf. í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson